

Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er samþykkt var **108**
19. júní 1896. 9. maí.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Austurbarðastrandar-
sýslu á aðalfundi hennar 25. apríl 1908.

Skrifstofa Barðastrandarsýslu, 9. maí 1908.

G. Björnsson.

Breyting

109
9. maí

á reglugjörð fyrir Norðurisafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.
15. mars 1897.

I.

Við 1. gr.: Sýslunefnd kýs menn til að hafa á hendi o. s. frv.

II.

Við 2. gr.: Fyrir »haust hvert í nóvember« komi: á tímabilinu frá 15. október
til 15. desember ár hvert.

III.

Við 9. gr.: Aftan við gr. komi nýjar málsgreinir svohljóðandi:

Standi lækningamaður sjerlega vel í stöðu sinni, má hækka
þóknun hans alt að helmingi.

Hreppsnefndir annast um, að til sju hæfileg hús til hundalækninga
og greiðist kostnaður við það úr sýslusjóði.

Breytingu þessa hefir sýslunefnd Norðurisafjarðarsýslu samkv. 6. gr. laga
nr. 18, 22. maí 1890 gjört og samþykkt á aðalfundi sínum 9.—11. f. mán., og
öðlast hún gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 9. maí 1908.

Magnús Torfason.